

9. Knjápunktur (*Sieglingia decumbens*).
10. Heiðarstör (*Carex heleonastes*).
11. Trjónustör (*Carex flava*).
12. Fitjasef (*Juncus gerardi*).
13. Villilaukur (*Allium oleraceum*).
14. Ferlaufasmáli (*Paris quadrifolia*).
15. Eggvíblaðka (*Listera ovata*).
16. Tjarnablaðka (*Polygonum amphibium*).
17. Línarfi (*Stellaria calycantha*).
18. Flæðarbúi (*Spergularia salina*).
19. Melasól með hvítum og bleikum blómum (*Papaver raticatum* ssp. *Stefanssonii*).
20. Vatnsögn (*Crassula aquatica*).
21. Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*).
22. Blóðmura (*Potentilla erecta*).
23. Þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*).
24. Glitrós (*Rosa vosagiaca*).
25. Súrsmæra (*Oxalis acetosella*).
26. Tjarnabrúða (*Callitriche brutia*).
27. Skógfjóra (*Viola riviniana*).
28. Davíðslykill (*Primula egaliksensis*).
29. Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*).
30. Hveraaugnfró (*Euphrasia calida*).
31. Mýramaðra (*Galium palustre*).

Samkvæmt þessu er lagt bann við að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt.

Með þessari auglýsingu er jafnframt felld úr gildi auglýsing nr. 130/1967 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978:

Spærlingsmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 253.90.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. maí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um reglugerð sem numin er úr gildi.

Reglugerð um vistun lyfjafræðistudenta til verklegs náms nr. 326 13. nóvember 1973 er hér með úr gildi felld.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Sauðárkróks.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár).

Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.